

2. bekkur

Ýmsar almennar upplýsingar

Ferilmöppur

Haldið verður áfram að safna í ferilmöppuna verkefnum sem nemendur vinna í vetur. Stefnt er að því að mappan fylgi nemendum upp í 10. bekk. Notkun ferilmöppu hefur það að markmiði að virkja nemendur í eigin námi svo þeir öðlist aukið sjálfstæði með því að setja sér markmið og meti frammistöðu sína og eru verkefnin sem sett eru þar inn sýnishorn af þeirri vinnu. (Ellmin 1999)

Heimanám / skólanám

Foreldrar barna í grunnskóla bera ábyrgð á námi og ástundun barna sinna. Heimilin geta hjálpað börnunum gríðarlega með lestrarþjálfun, samskipti og heilsuefandi lífshætti sem styrkja börnin í námi sínu í skólanum. Hvíld, mataræði, vangaveltur um tilfinningar eða lausnir mála, jákvæðni, hugarró og hvernig á að taka þátt í daglegu lífi eru mikilvægir þættir sem börnin læra heima og í skólanum. Börnin læra margt af því að fá **tækifæri**: fyrst til að fylgjast með, svo undir **leiðsögn** fullorðinna og síðan á **eigin ábyrgð**. Stundum þarf að endurmeta, breyta lítillega og æfa eitthvað betur áður en börn geta borið ábyrgð sjálf. **Endurtekning** er oft nauðsynleg til að ná góðum tókum á nýrri færni. Góð samvinna milli heimilis og skóla og stuðningur við börnin á báðum stöðum er því lykilatriði sem stuðlar að vellíðan barna og sterkari sjálfsmynd þeirra.

Heimanám í vetur tengist aðferðum Byrjendalæsis og verður með ýmsu móti. Lögð er áhersla á að skapa stund þar sem nemendur og foreldrar geta skoðað, lesið, skrifað, spjallað eða spilað saman til að vinna enn frekar að markmiðum námsefnisins. Ekki er gert ráð fyrir miklu heimanámi, en þar að auki er **heimalesturinn** sérlega mikilvægur að lágmarki 10-15 mínútur daglega, einkum upphátt, hvort sem aðeins er um að ræða að þekkja og finna ákveðin orð eða stauta sig í gegnum texta eftir því sem barnið hefur tók á. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að nýta öll möguleg tækifæri heima til að lesa, skrifa, velta fyrir sér samhengi hluta og spjalla saman til að auka orðaforða, eftirtekt, færni og skilning.

Sjálfstæð vinnubrögð

Nemendur læra að fylgjast með vinnu sinni og verkefnaskilum meira sjálfir og taka síaukinn þátt í að setja sér markmið og skipuleggja nám sitt með kennaranum. Þeir fá einnig reglulega tækifæri til að framkvæma og nýta sjálfsmat til að bæta sig enn frekar í námi. Í vetur hafa nemendur stílabók sem heitir *Markmið og námsmat* þar sem þeir geta haldið utan um slíkar upplýsingar fyrir sig.

Útinám / útivíst

Nemendur í 1.-4.bekkjum fara í útivíst eftir hressingu og hádegismat í um 20 mínútur hvort skiptið alla daga. Einnig eru fastir útinámstímar á mánudögum. Þar að auki eru unnin önnur verkefni úti á ýmsum tímum. Því er mjög mikilvægt að nemendur séu alltaf viðbúnir alls konar veðri og í skófatnaði sem þeir ráða við og geta ýmist gengið, stokkið eða leikið í.

Vinnusvæði

Á stundatöflu vetrarins heita margir tímar hjá umsjónarkennara *Vinnusvæði*. Í þessum tímum er samþætt kennsla í flestum greinum þar sem nemendur vinna oft hver á sínu róli í stöðvavinnu eða með mismunandi verkefni tengd ákveðnu þema.

Námsgreinar

Dans

Markmið:

- Að veita nemendum tækifæri til að hreyfa sig í takti við tónlist og önnur hljóð.
- Að átta sig á og kanna mismunandi rými fyrir dansspuna.
- Að efla félagsþroska nemenda í gegnum dans.
- Að nemendur læri grunnspor ýmissa dansa, s.s. spuna, hóp dansa, samkvæmis dansa, íslenska og erlenda þjóð dansa, kúrekadansa, hip hop o.fl.

Kennslufyrirkomulag: Í vetur verða 2.b og 4.b saman í dansi eina kennslustund í viku. Lögð verður áhersla á líkamstjáningu, ýmsar hreyfingar, fjölbreytta dansa og að nemendur læri grunnkurteisreglur í dansi einstaklingslega, í hópum og þar sem „par“ dansar saman.

Námsefni: Alls kyns tónlist, myndbönd o.þ.h.

Námsmat: Þátttaka nemenda í hverri kennslustund verður metin ásamt kurteisi við dansfélaga.

Kennari: Ingibjörg Ásta Ingvarsdóttir

Enska

Markmið: Að nemendur

- geri sér grein fyrir mikilvægi enskunáms.
- þjálfist í að nota einfaldar hversdagslegar setningar.
- geti sungið einfalda texta á ensku.
- kunni að segja heiti bókstafa á ensku.
- efli orðaforða í tengslum við þau þemu sem verið er að vinna hverju sinni, t.d. um dýr, hversdagslega hluti, kort, o.s.frv.

Kennslufyrirkomulag: Enskukennsla verður samþætt textum / bókum með margvíslegum aðferðum í anda byrjendalæsis. Kennslan fer fram með leikjum, söngvum, spilum en einnig með munnlegum og skriflegum æfingum. Reynt verður að vinna ýmis verkefni í samstarfi við enskumælandi bekk erlendis.

Námsefni: Valin verkefni af netinu og frá kennara, barnabækur á ensku og valdir textar eða sögur á ensku. Ýmsir leikir og efni á vefnum. Speak Out og Work Out til hliðsjónar.

Námsmat: Þátttaka metin til umsagnar. Tök á töluðu máli, að skilja talað mál, lestur og að geta skrifað sjálfir skoðuð sérstaklega. Sjálfsmat nemenda þegar við á.

Kennari: Michelle Mielnik

Heimilisfræði

Markmið: Að nemandi

- sýni hjálpsemi og tillitsemi og vinni með gleði og jákvæðu hugarfari.
- læri um góðar og slæmar örverur, um gagnsemi gersveppa við brauðgerð og hvað fæðuflokkarnir heita.
- þjálfist í borðsiðum, handþvotti, uppþvotti og að ganga frá eftir sig,
- þekki einföld eldhúsáhöld og geti notað þau.
- geti mælt í heilu og hálfu með dl-máli og mæli msk., tsk, ½ tsk. og ¼ tsk.
- læri að fara eftir einföldum uppskriftum og að skera og hreinsa ávexti og grænmeti með hníf.
- temji sér að hugsa um umhverfið og nota lítið af efnum sem spilla umhverfi.
- læri að til eru hollar og óhollar fæðutegundir og að sumar þeirra skemma tennur.

Kennslufyrirkomulag: 2. bekkur er í klukkutíma á viku.

Námsgögn: Heimilisfræði 2 og efni frá kennara.

Kennsluaðferðir: Verklegar æfingar, sýnikennsla og umræður.

Námsmat: Umsagnir þar sem metin er vinna í tímum, verkefni, bókleg eða munnleg, frágangur og hegðun.

Kennari: Ingiborg Jóhanna Kjerúlf

Íslenska

Markmið: að nemendur

- nái valdi á ýmsum tegundum lestrar, auki leshraða, bæti við orðaforða sinn, efla lesskilning og læri aðferðir til að auðvelda þeim skilning á texta.
- öðlist færni í því að tjá sig skipulega munnlega, með hefðbundnum skriffærum og með aðstoð tölvutækni.
- haldi áfram að bæta stafsetningu sína og haldi áfram að auka skriftarhraða sinn ásamt því að vanda skrift og frágang.
- tileinki sér ýmis grunnhugtök og reglur málfræðinnar svo sem orðflokkana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð, kyn, tölu, fall, nútíð, þátíð, samsett orð, stigbreytingu lýsingarorða, sérhljóð, samhljóð, samheiti, andheiti o.fl.
- kynnist vísnaverð og ljóðlist.
- geti nýtt sér hjálparbækur og aðrar heimildir, s.s. orðabækur o.þ.h.
- kynnist íslenskum og erlendum bókmenntum og höfundum þeirra.
- Að nemendur þjálfist í að lesa í hljóði sér til ánægju og yndisauka.
- Að nemendur læri að leika sér og vinna með tungumálið.

Kennslufyrirkomulag: Unnið eftir skipulagi Byrjendalæsis. Nemendur vinna með ýmiss konar texta (sögur, textar og ljóð) á margvíslegan hátt, t.d. með umræðum, spilum, leikjum og þrautum auk munnlegra og skriflegra verkefna. Einnig verður lestrarstund 1x í viku með lestrarfélaga úr 1.-4. bekkjum. Sú stund verður þannig að 2 nemendur setjast saman og skoða/lesa hvor fyrir annan og æfa sig í að hlusta og spyrja síðan spurninga. Stundum er unnin stöðvavinna með 1.-4. bekkjum. Dæmi um aðferðir eða verkefni eru hljóðatenging, leifturspjöld, paralestur, bergmálslestur, hljóðlestur, upplestur, hlutverk í gagnvirkum lestri (eins og spákona, spæjara, fréttamann o.fl.), orðaskuggar, orðarugl, rím, lykilorðavinna (orð í orði, orð úr orði), o.fl.

Námsefni: Kennsluáætlanir Byrjendalæsis tengdar ákveðnum barnabókum eða textum. Ýmsar lestrar og sögubækur við hæfi hvers og eins. Bækur með gæðatextum, ljóðum o.fl. og verkefni frá kennara sem tengjast ýmsum viðfangsefnum í bókunum. Orðabækur, skriftarbækur og orðasafnsbækur nýttar með verkefnabókum nemenda.

Námsmat: Leshraði verður prófaður með stöðluðum prófum frá Menntamálastofnun á hverri önn. Mat verður lagt á virkni, vinnubrögð og skilning. Auk þess þjálfast nemendur í að meta eigin vinnu og frammistöðu.

Kennari: Michelle Mielnik

Íþróttir

Markmið:

- Að nemendur fái mikla og góða hreyfingu í hverjum tíma
- Að þjálfarar samhæfingu nemenda
- Að nemendur þjálfist í grunnhreyfingum og í notkun ýmissa áhaldna.
- Að nemendur vinni saman og eflist í samskiptum og samvinnu.

Kennslufyrirkomulag: Ýmsir leikir og æfingar sem auka líkamsvitund, félags- og tilfinningaþroska. Einnig verður reynt að kynna allar helstu íþróttagreinir sem þekktar eru á Íslandi.

Við **námsmatið** verður tekið tillit til:

- Virkni nemenda í tímum
- Hvort nemendur taki tillit hver til annars og geti unnið í hópum
- Hvernig nemendum gengur að fylgja fyrirmælum og fara eftir reglum, t.d. í leikjum.
- Hegðunar og framfara.

Fjöldi kennslustunda á viku: 2

Kennari: Ásgrímur Ingi Arngrímsson

Lestrarpróf

Markmið: Að nemendur

- geti fylgst með árangri í leshraða, öryggi og nákvæmni.
- fái tækifæri til að setja sér markmið um leshraða í samráði við kennara.

Fyrirkomulag: Nemendur fara í stöðluð hraðapróf á hverri önn, eða þrisvar á vetri. Byrjað er á því að fara yfir árangur frá síðasta prófi og markmið sem sett voru þá. Í hraðaprófi lesa nemendur texta upphátt fyrir kennara í 2 mínútur. Hraði er mældur í orðum á mínútu. Fyrir nákvæmni og öryggi er tekið til greina hvernig nemandi les, endurtekningar, hik, villur, leiðréttingar o.þ.h. Kennari og nemandi fara saman yfir stöðuna strax og setja sér markmið fram að næstu önn.

Námsefni: Textar á lesfímiprófum frá Menntamálastofnun (Lesfímipróf Lesferils). Viðmið leshraða í Fellaskóla fyrir lok 2.bekkar eru 40-100 orð á mínútu.

Námsmat: Umsjónarkennarar koma niðurstöðum til foreldra.

Kennari: Michelle Mielnik

Lífsleikni - útinám

Markmið: að nemendur

- efli sjálfsmynd, tilfinningaþroska og samskiptahæfni sína.
- læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu.
- öðlist meiri færni til að takast á tekist á við kröfur og áskoranir daglegs lífs.
- beri ábyrgð á hegðun sinni og framkomu og skilja hvaða áhrif þetta tvennt hefur í samskiptum við aðra.
- temji sér jákvæðni og þakklæti.

Kennslufyrirkomulag : Fastir útinámstímar með 2.-4.bekkjum eru á mánudögum kl. 10:20-11:20 óháð veðri og vindum. Njótum þess sem náttúran og við sjálf höfum upp á að bjóða í sátt og samlyndi. Farið verður í vettvangsferðir, skoðunarferðir, rannsóknarleiðangra, nánasta umhverfi rannsakað og nýtt eftir því sem við á. Farið verður í leiki, bæði nýja og gamla. Unnin verkefni sem tengjast námsefninu og rætt um það sem upp kemur í fréttum og samskiptum nemenda. Rökræður, skoðanaskipti og samtöl.

Að öðru leyti fléttast lífsleikni inn í allt skólastarfið.

Námsmat: Þátttaka nemenda í leikjum og umræðum, samvinnuhæfni og virkni verður metin.

Kennari: Michelle Mielnik

Myndmennt

Markmið:

- Að nemandi vinni myndræna frásögn út frá umhverfi og ímyndunum.
- Að nemandi noti fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við myndsköpun.
- Að nemandi læri um 6-litahringinn og um hugtökin, frumlitir, grunnform, línu og áferð og noti þau í myndum.
- Að nemendi læri að ganga vel um myndir, efni og áhöld
- Að noti fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við myndsköpun.
- Að nemandi þekki einn til tvo íslenska myndlistamenn, ævi, saga og verk hans eða þeirra.

Námsgögn: Verkefni frá kennara, Myndmennt 1 og 2, Internetið, bækur af bókasafni og efni til myndsköpunar.

Kennsluaðferðir: Sköpun, sýningar, hópverkefni, tjáning, námsleikir.
Kennslufyrirkomulag 2. og 4.bekkur er 1 tíma á viku 60 mínútur í senn.

Námsmat: Umsagnir þar sem metið er sérstaklega, vinna í tímum, verklag, sköpun, frágangur

Kennari : Halla Helgadóttir

Náttúrufræði

Markmið: að nemendur

- verði læsir á umhverfi sitt, kannist við t.a.m. ýmis veðurfyrirbrigði, fugla, tré og plöntur.
- geri sér grein fyrir því hvernig árstíðaskipti hafa áhrif á líf manna á jörðinni.
- læri að spyrja spurninga og gera tilraunir til að fræðast betur um viðfangsefnin hverju sinni .
- kynnist Íslandi í máli og myndum.
- æfist í kortalestri og kortagerð.
- efli áhuga sinn og þekkingu, auk þess að læra um ábyrgð manneskjunnar á umhverfi sínu og náttúrunni.

Kennslufyrirkomulag: Samkenndsla með 4. bekk og stundum einnig í útinámi með 2.-4. bekkjum. Verkefni tengjast Byrjendalæsis textum og geta verið skrifleg eða í formi heimildarvinnu, umræðna eða tilrauna.

Námsefni: Komdu og skoðaðu bækur til hliðsjónar. Ýmsar fræðibækur, Fuglavefurinn, kortabækur, tilraunabækur og önnur verkefni sem kennari eða nemendur velja.

Námsmat: Fylgst sérstaklega með þátttöku, vinnubrögðum og skilningi á viðfangsefnunum.

Kennari: Michelle Mielnik

Samfélagsfræði

Markmið: að nemendur

- kynnist sögu mannkynsins.
- kynnist daglegu lífi fólks fyrir á tímum.
- skoði hvernig tæknin hefur breyst og hvernig hún hefur áhrif á líf manna.
- þjálfist í samvinnu og að taka sameiginlegar ákvarðanir.
- þekki örnefni, kennileiti og sögustaði í heimabyggð.
- velti fyrir sér réttindum sínum og skyldum barna og annarra í nærsamfélaginu, sýni ábyrgð í samskiptum við aðra og æfi samhjálp gagnvart öðrum.
- þekki hugtakið heimsmarkmiðin og kunni leiðir til að bæta aðstæður fólks og dýra á jörðinni.

Kennslufyrirkomulag: Unnið í tengslum við viðfangsefni Byrjendalæsis. Söguaðferðin nýtt að hluta til. Þar er unnið út frá ákveðnum spurningum og hugflæði. Farið verður í leiki, sögur lesnar, unnið að ýmiskonar rannsóknum og athugunum, teiknað, litað, límt og klippt. Umræður, verkleg og bókleg vinna.

Námsefni: Komdu og skoðaðu- tæknina, -sögu mannkyns, - íslenska þjóðhætti, fræðibækur, sögubækur, kortabækur, kort og heimasíður samtaka á vefnum ásamt öðru fræðiefni sem kennari og nemendur tína til.

Námsmat: Umsögn nemenda byggist á þátttöku, samvinnu og verkefnavinnu.

Kennarar: Michelle Mielnik

Smíðar

Markmið: Nemendur geti

- unnið eftir einföldu ferli
- unnið einföld verkefni í hópi
- gengið frá eftir vinnu sína
- sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,
- beitt líkamanum rétt við vinnu sína

Kennsluaðferðir: Bein kennsla, einstaklingskennsla, sýnikennsla og verklegar æfingar.

Námsgögn: Efni og verkefni frá kennara

Helstu viðfangsefni: Nemendur nota helstu verkfæri greinarinnar og læra að beita réttum vinnuaðferðum. Þeir læra um efnivið og helstu verkfæraheiti. Lögð er áhersla á að nemendur gangi frá eftir sig og virði vinnu annarra.

Námsmat: Við námsmat verður tekið tillit til vandvirkni, vinnusemi og frumkvæði í vinnu.

Kennari: Þorvaldur Hjarðar

Stærðfræði

Markmið: að nemendur

- nái góðum tókum á grunnaðferðunum sem áframhaldandi stærðfræðinám byggist á
- læri að nota táknmál stærðfræðinnar og tengja það daglegu lífi.
- þori að kryfja þekkingu sína og nýta skapandi hugsun til að skilja stærðfræðina enn betur.
- geri sér grein fyrir hugtakanotkun í stærðfræði og geti rökstutt og útskýrt hugsun sína fyrir öðrum.
- hlusti á og kynni sér hvernig aðrir hugsa um sömu viðfangsefni.

Kennslufyrirkomulag: Stærðfræðin verður kennd í tengslum við viðfangsefni Byrjendalæsis hverju sinni, en stundum verða teknir sérstakir tímar í ákv. viðfangsefni. Nemendur vinna fjölbreytt stærðfræðiverkefni verklega, skriflega og munnlega. Þeir ræða um og útskýra viðfangsefnið og nota þau hjálpargögn sem þroski þeirra og geta leyfir. Í þrautalausnum skrá

nemendur lausnir sínar niður með texta, myndum og táknum. Dæmi um kennsluáðferðir sem verða nýttar eru *Umræður og þrautir, Hugsandi skólastofa (Peter Liljedahl)*, og *Talning í kór*.

Námsefni: Sproti 2a og 2b æfingahefti. Ýmsar þrautir, spil og verkefni frá kennara. Kennsluforrit. Dæmi um viðfangsefni: tími, sætisgildi (einingar/tugir/hundrað) peningar, stærri tölur, mælingar, samlagning, frádráttur og mengi.

Námsmat: Þeir þættir sem hafðir eru til hliðsjónar við námsmat eru virkni nemenda, vinnubrögð og tók á námsefninu. Einnig sjálfsmat nemenda.

Kennari: Michelle Mielnik

Sund

Markmið: Nemendur auki líkamsvitund og hreyfiproska. Læri flot á bringu og baki. Geti kafað og blásið frá í vatni. Armtök í bringusundi og skriðsundi, einnig fótatök í skólabaksundi.

Kennslufyrirkomulag: Leikir og þrautir ásamt æfingum sem leiða til aukinnar sundfærni

Námsmat: Áhugi, virkni, hegðun, 2. sundstig.

Kennari: Ásgrímur Ingi Arngrímsson

Tónmennt

Markmið: Að nemandi læri að þekkja algengustu tónlistartákn og öðlist færni í að nota líkama og rödd við tónlistarflutning. Í 4. bekk er byrjað að kynna klassísku tónskáldin fyrir nemendum og nemendur læra um hvernig tónlist þeirra hefur þróast fram á okkar tíma. Í 6. bekk er byrjað með námsefni sem heitir Hljóðspor sem fjallar um hvernig tónlistarsköpum á tímum þrælahalds hefur þróast fram á okkar daga, og er unnið með þetta námsefni líka í 7. bekk ásamt fleiru sem kennari og nemendur vinna að saman í tímum. Að nemandi þekki hin ýmsu hljóðfæri og tónlistarstefnur ýmissa landa.

Kennslufyrirkomulag: Nemendur í 2 – 7. bekk eru í Tónmennt einu sinni í viku 40 mínútur í senn. Nemendur vinna oft saman í hópum og gera margvísleg verkefni tengd tónlist t.d. hlustun, verkefnavinna, tónsköpun með hljóðfærum, söngur og dans.

Námsefni: Í 2 – 7. bekk eru lagðar til grundvallar námsbækurnar, tónmennt 1 – 4, Leikum og syngjum, Það var lagið, Tónlistarþrautir, Hljóðspor, Tónlist og líkaminn, Tónlist og umhverfi, Afrísk tónlist og efni af nams.is og verkefni sem kennari útbýr.

Námsmat: Nemendur í 2 – 7. bekk taka ekki próf heldur er gefin umsögn sem er byggð á vinnu og hegðun í tímum.

Kennari: Drífa Sig.

Upplýsinga- og tæknimennt

Markmið: að nemendur

- verði færir um að nýta sér tölvur í skólastarfi.
- læri frumatriðin í notkun fingrasetningar.
- þekki ýmsa möguleika í vinnslu ritskjala (Word).
- haldi áfram að kynnast Veraldarvefnum og möguleikum hans sér til fróðleiks og skemmtunar.

Kennslufyrirkomulag: Nemendur vinna sjálfstætt eða saman í tölvu í beinum tengslum við viðfangsefni Byrjendalæsis. Einnig vinna nemendur með nokkur kennsluforrit, Fingrafimi auk annarra kennsluforrita. Netíð kynnt fyrir nemendum og möguleikar þess til fróðleiks og skemmtunar.

Námsefni: Veraldarvefurinn til að þýða orð og leita að fróðleik, upplýsingum, myndum, kortum, myndböndum, sönglögum o.fl. Ýmis kennsluforrit (t.d. hjá mms.is), leikir, teikniforrit, excel og Word o.þ.h.

Námsmat: Hæfni nemenda til að nýta sér tölvur í skólastarfinu og sjálfstæði við tölvuvinnu.

Kennari: Michelle Mielnik